

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2003/EES/57/12

frá 28. janúar 2002

þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu á fræi tegunda sem fullnægja ekki kröfum í tilskipun ráðsins 69/208/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 165)

(2002/98/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/96/EB ⁽²⁾, einkum 16. gr.,

með hliðsjón af tilkynningu frá Frakklandi um erfiðleika við að útvega fræ,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í Frakklandi eru ekki til nægar birgðir af hörfræi, sem stenst kröfur tilskipunar 69/208/EBE með tilliti til spírunarhæfni, og nægja því ekki til að mæta eftirspurn í landinu.
- 2) Ekki er unnt að mæta þessari eftirspurn svo vel sé með fræi frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju ríkjum, sem stenst allar kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.
- 3) Aðildarríkin skulu því leyfa markaðssetningu fræs með vægari kröfum á tímabili sem lýkur 30. júní 2002.
- 4) Þar að auki skal Frakkland vera samræmingaraðili til þess að tryggja að heildarmagnið, sem leyfið tekur til, fari ekki yfir það hámarks magn sem fellur undir þessa ákvörðun.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkin skulu, á tímabili sem lýkur 30. júní 2002 og með þeim skilmálum sem eru settir fram í viðaukanum, leyfa alls staðar í bandalaginu markaðssetningu á hörfræi

sem fullnægir ekki kröfunum sem mælt er fyrir um í tilskipun 69/208/EBE með tilliti til lágmarksspírunarhæfni, að því tilskildu að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:

- a) fræið var fyrst sett á markað af einstaklingi, sem hafði leyfi til þess í samræmi við 2. gr. hér á eftir;
- b) spírunarhæfnin er a. m. k. 88 %.

2. gr.

Allir fræsalar, sem hyggjast nýta undanþágu til þess að setja fræ á markað í samræmi við 1. gr., skulu sækja um það til þess aðildarríkis þar sem þeir hafa staðfestu.

Viðkomandi aðildarríki skal heimila fræsalanum að setja fræið á markað, nema:

- a) það hafi ígrundaða ástæðu til að efast um að fræsaliinn geti sett á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir; eða
- b) heildarmagnið, sem heimilað er að verði markaðssett samkvæmt viðkomandi undanþágu, færi þá yfir það hámark sem tilgreint er í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Að því er varðar umsóknina í 1. gr. skulu aðildarríkin veita hvert öðru aðstoð innan stjórnáráðs.

Frakkland (sem hefur tilkynnt að erfitt sé að útvega fræ) skal vera samræmingaraðili að því er lýtur að leyfunum, sem á að veita samkvæmt 2. gr., til þess að tryggja að heildarmagnið fari ekki yfir það hámark sem tilgreint er í viðaukanum.

Öll aðildarríki, sem fá umsókn samkvæmt 2. gr., skulu þegar í stað tilkynna samræmingarlandinu um það magn sem umsóknin tekur til. Samræmingarríkið skal þegar í stað upplýsa tilkynningarríkið um það hvort samþykkt umsóknar myndi leiða til þess að farið yrði yfir hámarkið.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 37, 7.2.2002, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 61, 12.12.2002, bls. 15.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 169, 10.7.1969, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 25, 1.2.1999, bls. 27.

4. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn af fræi sem heimilt er að markaðssetja alls staðar í bandalaginu samkvæmt þessari ákvörðun.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tegund	Tegund yrkis	Hámarks magn (tonn)
Að því er varðar 1. gr.		
<i>Linum usitatissimum</i>	Agatha, Argos, Ariane, Aurore, Diane, Diva, Electra, Elise, Escalina, Evelin, Hermès, Ilona, Liviola, Marilyn, Venus, Veralin, Viking	1 000